

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Deiliskipulagsbreyting 11 á Hellisheiði.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur þann 26. september 2019, samþykkt óverulega deiliskipulagsbreytingu fyrir virkjun á Hellisheiði. Gerð er breyting á byggingareit innan lóðar við Norðurvelli 7 sem stækkar til austurs, vesturs og suðurs. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting 12 á Hellisheiði.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur þann 26. september 2019, samþykkt óverulega deiliskipulagsbreytingu fyrir virkjun á Hellisheiði. Bætt er við vetnisstöð á lóð stöðvarhúss, þar með stækkar byggingarreitur norðan tæknigarða og vestan stöðvarhúss. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting 13 á Hellisheiði.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur þann 26. september 2019, samþykkt óverulega deiliskipulagsbreytingu fyrir virkjun á Hellisheiði. Borsvæði 3 er stækkað, á svæðinu eru fyrir þrjár holur en fyrirhugað er að bæta tveimur við. Breytingin er sunnan Stóra-Skarðsmýrarfjalls, við austurmörk skipulagssvæðisins þar sem svæðið stækkar úr 1,3 ha í 3,8 ha. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting 14 á Hellisheiði.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur þann 26. september 2019, samþykkt óverulega deiliskipulagsbreytingu fyrir virkjun á Hellisheiði. Breytingar eru gerðar á skilmálum er varðar form bygginga í jarðhitagarðinum við Hellisheiðarvirkjun. Þök bygginga með halla skulu vera á bilinu 7-12 gráður, þakgerð er frjáls. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting 15 á Hellisheiði.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur þann 28. nóvember 2019, samþykkt óverulega deiliskipulagsbreytingu fyrir virkjun á Hellisheiði. Breytingar eru gerðar á skilmálum er varða efnisval og liti bygginga í jarðhitagarðinum við Hellisheiðarvirkjun, en í jarðhitagarðinum eru 46 misstórar lóðir fyrir fjölnýtingu. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Þorlákshöfn, 22. janúar 2020.

Sigmar B. Arnason, skipulags- og byggingarfulltrúi.